



HEILSUVERND  
Hjúkrunarheimili



# VELKOMIN Á HEILSUVERND HJÚKRUNARHEIMILI

Hagnýtar upplýsingar fyrir íbúa og aðstandendur

Ásamt upplýsingum úr handbók Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

1. útgáfa, janúar 2025

# HJARTANLEGA VELKOMIN

Í þessari handbók er að finna samantekt á upplýsingum fyrir íbúa á Heilsuvernd Hjúkrunarheimili (HH) ásamt upplýsingum úr “Handbók fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir íbúa hjúkrunarheimila”.

Hér er á einum stað teknar saman hagnýtar upplýsingar og reglur sem varða málefni nýrra íbúa á hjúkrunarheimilum þar sem útlistað er hvað innifalið er í dvalargjaldi ásamt upplýsingum varðandi starfsemi HH.

Markmiðið með útgáfu handbókarinnar er að auðvelda íbúum og aðstandendum flutninginn á hjúkrunarheimili með því að hafa greitt aðgengi að mikilvægum upplýsingum.



# EFNISYFIRLIT

- 3** Símanúmer & tenglar
- 4** Heilsuvernd Hjúkrunarheimili - Um okkur
  - 4** Hlið
  - 4** Lögmannshlið
  - 4** Dagþjálfun
- 5** Hugmyndafræði & gildi
  - 5** Grunnreglur Eden Alternative hugmyndafræðinnar
  - 6** Gildi
- 7** Við flutning á Heilsuvernd Heilsuvernd Hjúkrunarheimili
  - 7** Æviágrip
  - 7** Lögheimili
  - 7** Þjónusta til íbúa
  - 7** Ábyrgð á verðmætum
  - 7** Þagnarskylda
- 8** Aðstandendur íbúa
  - 8** Heimsóknir
  - 8** Gott að vita
- 9** Heilbrigðisþjónusta fyrir íbúa
  - 9** Líknarmeðferð (Palliative care)
  - 10** Hjúkrunarþjónusta
  - 11** Læknisþjónusta
  - 11** Tannlæknisþjónusta
  - 11** Sjúkraþjálfun
  - 12** Iðjuþjálfun
  - 12** Hjálpartæki
  - 13** Heyrnartæki
  - 13** Félagsstarf
  - 14** Hjúkrunarvörur
- 15** Heimilishald - Heimili þeirra sem þar búa
  - 15** Sjónvarp, internet & sími
  - 17** Fatnaður & þvottur
  - 18** Máltíðir
- 19** Persónulegt hreinlæti
- 20** Ferðalög & akstur
- 21** Fjármál
- 22** Brottflutningur eða andlát
- 23** Hagnýtar upplýsingar



# SÍMANÚMER & TENGLAR

## HEILSUVERND HJÚKRUNARHEIMILI

Austurbyggð 17, 600 Akureyri  
Sími: 460-9100  
[hlid@hlid.is](mailto:hlid@hlid.is)  
[hlid.is](http://hlid.is)

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Þóra Sif Sigurðardóttir  
Sími: 460-9100  
[thorasif@hlid.is](mailto:thorasif@hlid.is)

## HLÍÐ

Austurbyggð 17, 600 Akureyri

### Forstöðumaður hjúkrunar

Bryndís Björg Þórhallsdóttir  
[bryndisbjorg@hlid.is](mailto:bryndisbjorg@hlid.is)

## LÖGMANNSHLÍÐ

Vestursíða 9, 600 Akureyri

### Forstöðumaður hjúkrunar

Jóhanna Berglind Bjarnadóttir  
[johannabb@hlid.is](mailto:johannabb@hlid.is)

## DEILDASTJÓRAR

Deildastjóri Austurhlíðar: 614-9159  
Deildastjóri Víði-, Furuhlíðar og raðhúsa: 614-9169  
Deildastjóri Aspar- og Beykihlíðar: 614-9179  
Deildastjóri Eini- og Grenihlíðar: 614-9189

## DAGPJÁLFUN-, IÐJU- OG FÉLAGSSTARF

Hlíð, Austurbyggð 17

### Forstöðumaður

Harpa Dögg Sigurðardóttir  
[harpadogg@hlid.is](mailto:harpadogg@hlid.is)

## SÍMSKRÁ - HLÍÐ

- Þjónustuborð: 460-9100
- Dagþjálfun Hlíð: 460-9200
- Iðju- og félagsstarf: 460-9220
- Tímabundin dvöl: 460-9150
- Asparhlíð og Beykihlíð: 460-9171 / 460-9172
- Birkihlíð og Lerkihlíð: 460-9150
- Einihlíð og Grenihlíð: 460-9181
- Reynihlíð og Skógarhlíð: 460-9162 / 460-9157
- Víðihlíð: 460-9160
- Furuhlíð: 460-9161
- Raðhús: 460-9162
- Þvottahús: 460-9197

## SÍMSKRÁ - LÖGMANNSHLÍÐ

- Árgerði: 460-9250
- Bandagerði: 460-9252
- Kollugerði: 460-9254
- Melgerði: 460-9256
- Sandgerði: 460-9225
- Samkomugerði: 460-9259
  
- Fótaaðgerðarstofa, Hlíð/Lögmanshlíð: 460-9224 / 854-1101
- Hárstúdíó Hafðísar, Hlíð/Lögmanshlíð: 460-9223 / 849-8854

## ÁBENDINGAR

Við leggjum áherslu á faglega og framúrskarandi þjónustu. Hægt er að senda á netfangið [hlid@hlid.is](mailto:hlid@hlid.is) ef þú vilt koma á framfæri ábendingu um það sem mætti gera betur, hrós eða annað sem þú vilt koma á framfæri.



# HEILSUVERND HJÚKRUNARHEIMILI UM OKKUR

HH eru rekin af Heilsuvernd ehf., samkvæmt sérstökum samningi við ríkið og eru hluti af félagsþjónustu Akureyrarbæjar. Samkvæmt samningi við nágrannasveitarfélög eiga aldraðir íbúar þeirra einnig kost á þjónustu hjúkrunarheimilanna.

HH eru staðsett í Hlíð og Lögmannshlíð. Gert ráð fyrir búsetu fyrir alls 182 íbúa, þar af eru 155 hjúkrunarrými, 6 dvalarrými og 21 hjúkrunarrými fyrir íbúa í tímabundna dvöl.

## HLÍÐ

Á Hlíð eru heimili fyrir 137 íbúa og er heimilinum skipt í 4 einingar fyrir íbúa ásamt dagþjálfun og stoðþjónustu.

Austurhlíðar skiptast í Reyni- og Skógarhlíð og Birkihlíð. Á Reyni- og Skógarhlíð búa 19 íbúar en Birkihlíð er tímabundin dvöl með rými fyrir 21 notanda.

Víðihlíð er heimili fyrir 30 íbúa og tilheyra raðhúsin þeirri einingu en í raðhúsunum búa 6 einstaklingar í dvalarrými.

Nýjasti hluti Hlíðar var tekinn í notkun árið 2006. Þar eru Aspar- og Beykihlíð og Eini- og Grenihlíð og búa 30 íbúar á hvorri einingu



## LÖGMANNSHLÍÐ

Í Lögmannshlíð eru 5 heimili – Árgerði, Bandagerði, Kollugerði, Melgerði og Sandgerði. Á hverju heimili eru 9 herbergi og því samanlagt 45 íbúar í Lögmannshlíð.

## DAGÞJÁLFUN

Dagþjálfun er staðsett í Hlíð.

Í dagþjálfun koma yfir 100 notendur í þjálfun í hverri viku og setja þau skemmtilegan svip á starfið okkar.



# HUGMYNDAFRÆÐI & GILDI

Hugmyndafræði hjúkrunarheimilis skal taka mið af eftirtöldum þáttum:

- Að búa íbúum vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing er í heiðri höfð.
- Að skapa íbúum öryggi með viðeigandi félagslegum og heilsufarslegum stuðningi.
- Að veita íbúum alla nauðsynlega hjúkrun, umönnun og læknishjálp.
- Að styðja og styrkja sjálfsmynd og sjálffræði íbúa.\*

\*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016

HH starfar eftir Eden hugmyndafræðinni. Áhersla er lögð á vellíðan íbúa, umhyggju, virðingu, samvinnu og gleði.

Eden hugmyndafræðin leggur áherslu á að skapa aðstæður fyrir innihaldsríkt líf þar sem íbúar fá tækifæri til þátttöku.

Einmanaleiki, vanmáttarkennd og leiði eru oft meginástæður vanlíðunar íbúa hjúkrunarheimila en með Eden hugmyndafræðinni eru skapaðar aðstæður til að vinna gegn þeim.

Stuðlað er þannig að vellíðan íbúa og að þeir lifi innihalds- og tilgangsríku lífi. Áhersla er lögð á fjölbreytileika í daglegu lífi til að auðga líf hvers og eins.

## GRUNNREGLUR

### EDEN ALTERNATIVE HUGMYNDAFRÆÐINNAR

- HH vill skapa aðstæður þar sem góð og eflandi tengsl eru í fyrirrúmi.
- Ráð við einmanaleika er kærleiksríkur og náinn félagskapur. Aldraðir verðskulda að hafa auðveldan aðgang að samfélagi við menn, plöntur og dýr.
- Ráð við vanmáttarkennd er að skapa tækifæri fyrir íbúa til að veita umhyggju en ekki einungis þiggja hana. Flestir hafa þörf fyrir að finna að þeir geri gagn.
- Ráð við leiða er að skapa umhverfi sem fyllt er tilbreytingu. Það er mikilvægt að grípa tækifærin sem gefast fyrir óvænta og ánægjulega atburði og uppákomur.



## GILDIN

Gildi HH eru grundvölluð á Eden hugmyndafræðinni:

### *Umhyggja - Virðing - Samvinna - Gleði*



Umhyggja felst í virðingu fyrir manneskjunni sjálfri, sjálfstæði hennar og velferð, sem endurspeglast í góðri samvinnu milli starfsfólks, íbúa, aðstandenda og annarra notenda þjónustunnar.

Gleðin er í senn uppspretta og afrakstur uppbyggilegra samskipta. Augnablikið er tækifæri sem er mikilvægt að nýta.





# VIÐ FLUTNING Á HEILSUVERND HJÚKRUNARHEIMILI

Náin samvinna milli íbúa, fjölskyldu og starfsfólks er höfð að leiðarljósi við alla umönnun. Það er farsælasta leiðin til að stuðla að góðri aðlögun, öryggi og vellíðan.

Hjúkrunarfræðingur eða vaktstjóri tekur á móti nýjum íbúum og læknir hittir íbúa innan viku frá flutningi. Íbúi eða aðstandendur fá gögn til fylla út og skila og ítrekum við mikilvægi þess að gera það. Um er að ræða upplýsingar um tengiliði, samþykki fyrir myndatökum og æviágrip.

## ÆVIÁGRIP

Æviágrip er mikilvægt verkfæri fyrir starfsfólk til að ná ná betri tengslum við íbúa, veita persónulega þjónustu og eiga samtöl sem snúa að áhugasviði og sögu íbúans.

## LÖGHEIMILI

Lögheimili er staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu. Hjón eiga sama lögheimili en er þó heimilt að skrá það hvort á sínum staðnum. Þjóðskrá sér um breytingar á lögheimili og er það í höndum íbúa eða aðstandanda að tilkynna breytt aðsetur til þjóðskrár.

## ÞJÓNUSTA TIL ÍBÚA

Aðstandendum er ráðlagt að beina öllum spurningum sem lúta að þörfum og meðferð íbúanna til vaktstjóra hverju sinni. Vinsamlegast hafið samband við deildarstjóra eða forstöðumann vegna spurninga sem lúta að greiðslufyrirkomulagi, reikningum og slíku.

## ÁBYRGÐ Á VERÐMÆTUM

Heilsuvernd Hjúkrunarheimili bera ekki ábyrgð á eigum heimilismanna s.s. sjónvarpi, bókum, húsgögnum, málverkum, peningum, fatnaði eða öðrum persónulegum munum eða innbúi og bætir ekki slíkar eigur tapist þær eða skemmist. Á þetta einnig við um heyrnartæki, gleraugu, tanngóma (gervitennur) eða tannparta.

Mælt er með því að tryggja muni sérstaklega og kaupa innbústryggingu.

## ÞAGNARSKYLDA

Þagnarskylda hvílir á öllu starfsfólki. Jafnframt biðjum við alla aðstandendur og aðra gesti að virða einkalíf íbúa og notenda HH og ræða ekki það sem þau sjá og heyra.

# AÐSTANDENDUR ÍBÚA

Náin samvinna milli íbúa, fjölskyldu og starfsfólks er höfð að leiðarljósi við alla umönnun. Það er farsælasta leiðin til að stuðla að góðri aðlögun, öryggi og vellíðan.

## HEIMSÓKNIR

Mikil þörf er fyrir stuðning fjölskyldunnar þegar aldurinn færir yfir og heilsan brestur. Sú ákvörðun að yfirgefa heimili sitt og flytja á stofnun reynist mörgum erfið. Heimsóknir aðstandenda eru mikilvægar. Þær styttu daginn, veita styrk og efla fjölskyldutengslin. Aðstandendur eru því alltaf velkomnir og er þátttaka og afskipti þeirra vel þegin. Íbúar eru einnig frjálssir allra sinna ferða og geta dvalið að heiman í lengri eða skemmri tíma.

Á HH eru ekki ákveðnir heimsóknartímar og eru aðstandendur og gestir velkomnir í heimsókn hvenær sem er dagsins.

Athygli er þó vakin á að húsnæðinu á Hlíð er læst kl. 22 á kvöldin en dyrasímar eru við innganga.

Húsnæðið í Lögmannshlíð er ávallt læst og geta aðstandendur fengið lykilkort gegn vægu gjaldi.

## GOTT AÐ VITA

- Gott ráð til að enda heimsóknir er að kveðja rétt fyrir mat eða kaffi og fylgja íbúanum fram í leiðinni.
- Aðstandendum er hjartalega velkomið að koma með veitingar, hvort sem er á afmælisdögum íbúa eða við önnur tilefni og njóta annað hvort inni hjá íbúa eða í sameiginlegri setustofu í samráði við starfsfólk.
- Gott er ef aðstandendur geta tekið þátt í skemmtunum og viðburðum. Upplýsingar um viðburði má sjá á Facebook síðu [Heilsuverndar Hjúkrunarheimilis](#) og á Memaxi skjám á heimilunum.
- Nauðsynlegt er að aðstandendur tilkynni hjúkrunarfræðingi um breytt símanúmer, heimilisföng og netföng.
- Aðstandendur þurfa að fylgja íbúa í nauðsynlega þjónustu sem er utan HH, eins og til augn- og tannlæknis, í rannsóknir og læknisheimsóknir á Sak o.s.frv.
- Ef aðstandandi fer í frí er mikilvægt að skilja eftir nafn og símanúmer þess sem leita má til.



# HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA FYRIR ÍBÚA

Íbúar hjúkrunarheimila eru ekki færir um að búa einir eða í sjálfstæðri búsetu. Þegar heilsu fer að hraka er gott að huga að vilja og viðhorfi varðandi hvernig skuli bregðast við heilsufarsbreytingum. Mikilvægt er að íbúar og aðstandendur séu meðvitaðir um þau hugtök sem notuð eru þegar kemur að svokölluðum meðferðar takmörkunum.

## LÍKNARMEÐFERÐ (PALLIATIVE CARE)

Byggist á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem lögð er áhersla á að veita árangursríka meðferð verkja og annarra einkenna og sálfélagslegan stuðning sem er í samræmi við þarfir, gildi og menningarlegan bakgrunn einstaklings og fjölskyldu hans.

Markmið líknarmeðferðar er að sjá fyrir, fyrirbyggja og draga úr líkamlegri, sálfélagslegri og andlegri vanlíðan og styðja við bestu mögulegu lífsgæði íbúa og fjölskyldu, óháð sjúkdómsgreiningu, sjúkdómsstigi eða annarri meðferð.

Líknarmeðferð hefst við greiningu langvinnis sjúkdóms og/eða lífsógnandi sjúkdóms og er veitt samhliða lækningu meðferð en getur líka staðið ein og sér. Vægi líknarmeðferðar eykst með versnandi sjúkdómsástandi.

## MEÐFERÐARSTIG Í LÍKNARMEÐFERÐ ERU ÞRjú:

1. Full meðferð (FM). Miðar að því að greina og lækna sjúkdóma, draga úr einkennum og bæta lífsgæði. Ef engin önnur fyrirbætur eru skráð er FM ætíð sú meðferð sem íbúi fær.
2. Full meðferð að endurlífgun (FME). Þegar endurlífgun þjónar ekki hagsmunum íbúans er að öll jöfnu veitt full meðferð að endurlífgun. Tekið er mið af sjúkdómsástandi og velferð íbúans við ákvarðanir á öðrum takmörkunum á meðferð sem eru þá sérstaklega skráðar. Dæmi um slíkar takmarkanir eru: Ekki gjörgæsluinnlöng, ekki öndunarvél, ekki spítalainnlöng.
3. Lífslokameðferð (LLM). Á við þegar íbúi er deyjandi (dagar/vikur). Markmið meðferðar er eingöngu að draga úr einkennum og vanlíðan og tryggja andlát án þjáningar og með reisn. Við lífslok eru tryggð ákvæðin gæði í meðferð og hjúkrun með þverfaglegri meðferðaráætlun fyrir deyjandi (MÁD).

Ef íbúi hefur ekki tekið ákvörðun varðandi meðferðartakmarkanir fyrir flutning á hjúkrunarheimilið munu hjúkrunarfræðingar og læknir heimilis eiga samtalið við íbúa og/eða aðstandendur.





## HJÚKRUNARÞJÓNUSTA

„Hlutverk hjúkrunarheimilis er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilis að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok til að einstaklingurinn geti haldið reisin sinni og átt friðsælt andlát. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Meginviðfangsefni hjúkrunarheimila er að veita langtímahjúkrun, aðhlyningu og umönnun og félagslegan stuðning á faglegan og ábyrgan hátt sem byggist á umhyggju og virðingu fyrir íbúa og fjölskyldu hans.

Stuðningur við einstaklinginn skal miða að því að viðhalda getu hans og virkni eins og kostur er með hans eigin þátttöku, hjúkrun, aðhlyningu, þjálfun, læknishjálp og hjálpartækjum og aðstoða hann við að takast á við breyttar aðstæður.”\*

\*Kröfufylsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016

Heilbrigðisþjónusta	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
• Augnlæknaþjónusta, ávísuð af lækni heimilisins	●	
• Blóðgjöf, ávísuð af lækni heimilisins	●	
• Fótaaðgerðarfræðingur - þjónusta		●
• Heyrnar- og talmeinstöðin, ávísuð af lækni heimilisins	●	
• Hjúkrun metin og veitt á heimilinu	●	
• Iðjuþjálfun skv. mati iðjuþjálfara	●	
• Lyf ávísuð af lækni heimilisins	●	
• Læknishjálp metin og veitt á heimilinu	●	
• Rannsóknir ávísaðar af lækni heimilisins	●	
• Röntgengreiningar ávísaðar af lækni heimilisins	●	
• Sérfræðilækniþjónusta utan heimilis, án ávísunar af lækni heimilisins		●
• Sérfræðilækniþjónusta utan heimilis, ávísað af lækni heimilisins*	●	
• Sjúkraþjálfun ávísuð af lækni heimilisins	●	
• Sjúkraþjálfun skv. mati sjúkraþjálfara heimilisins	●	
• Súrefni, ávísað af lækni heimilisins	●	
• Talmeinafræðingur - þjónusta ávísuð af lækni heimilisins	●	
• Tannfræðingur – þjónusta		●
• Tannlæknaþjónusta, sjá reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku SÍ í greiðslum		●
• Vítamín og fæðubótarefni án ávísunar læknis		●
• Túlkþjónusta varðandi upplýsingar um heilsufar og meðferð*1	●	

\* Taka þarf fram við komu til sérfræðinga, rannsókna, röntgenmyndataka (sem ávísað er af lækni heimilisins) að einstaklingurinn sé íbúi á hjúkrunarheimili HH og reikningur eigi að berast þangað.

\*1 skv. 5.gr.laga nr.74/1997

Innan HH er lögð áhersla á að ráða hæft starfsfólk sem leggur metnað sinn í að framfylgja markmiðum þjónustunnar og starfa í samræmi við Eden hugmyndafræðina. Áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu, einstaklingsmiðaða þjónustu og sveigjanleika í öllum samskiptum.

Unnið er á þrískiptum vöktum: dag-, kvöld- og næturvakt. Deildastjórar heimilanna vinna á dagvinnutíma virka daga. Hjúkrunarfræðingar sinna hjúkrunarþjónustu allan sólarhringinn sem og sjúkraliðar, félagsliðar og starfsfólk við umönnun.

## LÆKNISÞJÓNUSTA

HH er með samning við Sjúkrahúsið á Akureyri um að sinna lækni meðferð fyrir íbúa og er um að ræða bæði heimilis- og öldrunarlækna. Læknir er með viðveru í húsi alla virka daga frá 8-16 á Hlíð og tvo daga í viku á Lögmannshlíð ásamt því að vera með bakvaktarþjónustu allan sólarhringinn.

Læknar taka ákvarðanir um lyfjagjafir, rannsóknir og aðra sérhæfða lækniþjónustu í samráði við íbúa. Lyf íbúa eru reglulega yfirfarin af lækni og mælumst við gegn því að íbúi noti lyf sem ekki er ávísað af læknum HH þar sem þau geta haft áhrif á þá lyfjameðferð sem verið er að veita.

Öll meðferð utan heimilis þarf að fara í gegnum hjúkrunarfræðinga og lækna HH.

**Ef íbúi sækir sér lækniþjónustu án milligöngu lækna HH ber honum að greiða fyrir þá þjónustu sjálfur.**

## TANNLÆKNAÞJÓNUSTA

Fyrir einstaklinga eldri en 67 ára er tannlæknaþjónusta endurgreidd af fullu af sjúkratryggingum Íslands.

Íbúar eru hvattir til að nýta sér þjónustu tannlækna, með aðstoð aðstandenda sem sjá um tímamantanir og fylgd til tannlæknis.

## SJÚKRAÞJÁLFUN

Í Hlíð og Lögmannshlíð eru vel útbúnir tækjasalir til þjálfunar. Þar starfa sjúkraþjálfarar og aðstoðarmenn.

Sjúkraþjálfarar starfa alla daga í Hlíð og tvo daga í viku í Lögmannshlíð.

Markviss þjálfun og hreyfing eykur lífsgæði fólks og er reynt að sjá til þess að sem flestir njóti hreyfingar sem oftast.

Boðið er upp á styrktaræfingar í tækjum, jafnvægisæfingar, liðkandi æfingar og göngu- og þolþjálfun með umsjón sjúkraþjálfara og aðstoðarmanns.

Þeir sem þurfa sértæka meðferð fá einnig einstaklingsmeðferð.



## IÐJUPJÁLFUN

Á Hlíð og Lögmannshlíð er boðið upp á þjónustu iðjupjálfa alla virka daga. Iðjupjálfar ásamt starfsfólki félagsstarfsins vinna markvisst bæði í hóp og á einstaklingsgrundvelli að því að styðja við einstaklinginn til að geta sinnt þeirri iðju sem honum er mikilvæg.

Markmið iðju- og félagsstarfs er að viðhalda getu og auka færni við iðju með fræðslu, ráðgjöf og þjálfun. Skapa tækifæri fyrir hvern og einn til að stunda þá iðju sem er honum mikilvæg og hann hefur áhuga á. Leitast er við að vinna einstaklingsmiðað þannig að þarfir hvers og eins séu hafðar að leiðarljósi.

Starfsfólk sinnir bæði einstaklingum og hópum og vinnur að því að efla og viðhalda líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan. Í boði eru sérúrræði fyrir einstaklinga með heilabilun sem nefnist sólskinsklúbbur, þar er unnið nánar með sálfélagslega nálgun.

## HJÁLPARTÆKI

Skv. reglugerðum 760/2021 og 238/2022 eiga íbúar á hjúkrunarheimilum rétt á styrkjum frá Sjúkratryggingum Íslands vegna vissra sértækra hjálpartækja. Þetta á t.d. við um tiltekin hjálpartæki vegna öndunarmeðferðar og blóðrásarmeðferðar, stoðtæki, stómahjálpartæki, göngugrindur, hjólastóla og fylgihluti með þeim og tölvur til sérhæfðra tjáskipta.

Einstaklingur í heimahúsi sem nýtir sér tiltekin hjálpartæki líkt og hér um ræðir heldur þeim þegar hann flytur inn á heimilið, í stað þess að hjúkrunarheimilið útvegi honum önnur hjálpartæki í þeirra stað. Íbúi og/eða aðstandandi sjá um að skila þeim hjálpartækjum sem ekki fylgja íbúanum inn á hjúkrunarheimilið (t.d. sjúkrarúm eða stærri hjálpartæki sem nýtast ekki inni á heimilinu).

Iðju- og sjúkrabjálfarar HH meta þörf fyrir hjálpartækin, mæla fyrir þeim og panta ásamt því að skila þeim hjálpartækjum sem eru notað eftir flutninginn á hjúkrunarheimilið til SÍ.

Sjá nánar, [reglugerðasafn á vefsíðu Velferðarráðuneytis](#).

Hjálpartæki	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
• Gleraugu		•
• Göngugrindur		•
• Heyrnartæki (sjá reglugerð nr. 969/2015)		•
• Hjólastólar (sjá reglugerð nr. 760/2021 og nr. 238/2022)		•
• Loftdýnur skv. mati hjúkrunarfræðings heimilisins	•	
• Tanngómar		•
• Rafhlöður í heyrnartæki		•
• Sértæk hjálpartæki		•
• Stoðtæki/spelkur skv. umsókn frá sjúkra-/iðjupjálfa	•	
• Súrefnissíur (sjá reglugerð 760/221 og nr. 238/2022)		•
• Súrefnissíur - ferðasíur (sjá reglugerð 760/221 og nr. 238/2022)		•
• Öryggishnappur eða annar sértækur búnaður		•



## HEYRNARTÆKI

Í reglugerð 969/2015 er fjallað um styrki til kaupa á heyrnartækjum, þar segir:

*“Einstaklingar 18 ára og eldri sem eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu 30 dB < 70 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz eða við tíðnina 2,0, 4,0 og 6,0 kHz eiga rétt á styrk að fjárhæð 50.000 kr. frá Sjúkratryggingum Íslands vegna kaupa á heyrnartækjum hjá rekstrarleyfishöfum, sbr. reglugerð um sölu heyrnartækja, nr. 148/2007.*

*Hver einstaklingur getur mest notið styrkja hjá Sjúkratryggingum Íslands eða greiðslubáttöku hjá Heyrnar- og talmeínastöð, sbr. reglugerð um greiðslubáttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeínastöð útvegar, fyrir tvö heyrnartæki, eitt fyrir hvort eyra, á hverju fjögurra ára tímabili. Heimilt er að víkja frá þessu ef heyrn breytist umtalsvert að mati háls-, nef- og eyrnalæknis þannig að talin er nauðsyn á nýju heyrnartæki. Framvísa skal vottorði því til staðfestingar.”\**

\*Kröfufylsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

Athugið að HH ber ekki ábyrgð á skemmdum eða að heyrnartæki tynast.

## FÉLAGSSTARF

*„Íbúum skal standa til boða félagsstarf og tómsundaiðja sem stuðlar að virkni og auknum lífsgæðum. Íbúar skulu eiga þess kost að sækja virknistarf og þjálfun utan heimiliseiningar sinnar. Jafnframt skal leitast við að gefa kost á ferðum út í samfélagið á eigin kostnað íbúa svo komið verði til móts við þarfir sem flestra til félagslegra samskipta og samveru. Auk þess skulu þeir eiga kost á aðgengi að svæði til útiveru með aðstoð starfsfólks og/eða aðstandenda. Félagstarf skal taka mið af óskum og líðan einstaklingsins á hverjum tíma.*

*Æskilegt er að boðið sé upp á trúarlegar athafnir með reglulegu millibili og sálgæsla skal standa íbúum til boða sé þess óskað sem og stuðningur við aðstandendur og starfsfólk.”\**

\*Kröfufylsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

Félagsstarf	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
• Bíómiðar utanhúss		•
• Dagblöð og tímarit		•
• Félagstarf skv. dagskrá heimilisins*	•	
• Sálgæsla**	•	
• Hreyfihópar t.d. stólaleikfimi o.fl. ***	•	
• Leikhúsmiðar utanhúss		•
• Námskeið á heimilinu - greiða þarf efnisgjald		•
• Sjónvarp í sameiginlegum setustofum	•	
• Sundferðir		•
• Tónleikar utanhúss		•
• Útvarp í sameiginlegum setustofum	•	

\* Félagstarf í Hlíð og í Lögmannshlíð fer fram á dagvinnutíma alla virka daga.

\*\* Sóknarprestar halda guðþjónustu til skiptis í Hlíð og Lögmannshlíð. Íbúar geta óskað eftir viðtali.

\*\*\* Fer eftir dagskrá félagsstarfs hjá hverju heimili fyrir sig.

Fjölbreytt iðju- og félagsstarf er í boði, þar má nefna, endurminningarhópa, vax og slökun, bingó, gönguhópa, hreyfistundir og margskonar klúbbastarf s.s. karlklúbb, bókaklúbb, ljóðaklúbb, handverksklúbb og fleira.

Einu sinni í mánuði er kráarkvöld þar sem íbúar og aðstandendur koma saman og skemmta sér við lifandi tónlist.

Guðsþjónusta er einu sinni í mánuði og samvera presta er einn mánudag í mánuði.

Reglulega er boðið upp á fjölbreyttar skemmtanir og tökum við vel á móti þeim sem hafa áhuga á að bjóða upp á slíkt fyrir íbúa og notendur.

### Lykilorðin í félagsstarfinu eru:

- Að auka vellíðan
- Að lifa lífinu lifandi
- Að skapa tilbreytingu í daglegt líf
- Að rækta manninn
- Að auka lífsgæði og gera dagana innihaldsríka og skemmtilega
- Að vera jákvæð/ur

## HJÚKRUNARVÖRUR

Hjúkrunarheimili leggja til nauðsynlegar hjúkrunarvörur sem íbúar þarfnast af heilsufarsástæðum og samkvæmt mati hjúkrunarfræðings heimilisins.

Þær hjúkrunarvörur sem innifaldar eru í dvalargjaldi eru eingöngu þær vörur sem keyptar eru inn á heimilinu skv. samningum HH við byrgja. Óski íbúar eftir öðrum vörum er þeim frjálst að kaupa þær sjálfir.

Hjúkrunarvörur	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
• Bleyjur skv. innkaupalista heimilisins	•	
• Undirbreiðslur skv. innkaupalista heimilisins	•	
• Bleyjubuxur skv. innkaupalista heimilisins	•	
• Nálár	•	
• Sáraverndandi krem skv, mati hjúkrunarfræðinga	•	
• Sprautur	•	
• Sondur	•	
• Súrefnisvörur	•	
• Stomavörur	•	
• Umbúðir	•	
• Þvagleggir	•	

# HEIMILISHALD

## HEIMILI ÞEIRRA SEM ÞAR BÚA

HH er heimili þeirra sem þar búa. Öll herbergin eru einbýli en misjöfn að stærð eftir heimilum. Í herbergjum hjúkrunnarrýma fylgja rafdrifið rúm og náttborð. Íbúar í dvalarrými koma með sitt eigið rúm og náttborð.

Lögð er áhersla á vistlegt umhverfi og að íbúar hafi persónulega muni með sér til dæmis gardínur, rúmteppi, húsgögn og skrautmuni t.d. ljósmyndir svo að nýja heimilið verði notalegt og heimilislegt. Gólfteppi og mottur eru óæskilegar sökum slyshættu. Við uppröðun húsgagna skal hafa í huga að skapa ekki þrængsli svo íbúi og starfsfólki geti auðveldlega athafnað sig.

Eignir íbúa eru á þeirra eigin ábyrgð. Vilji íbúi tryggja innbú sitt sérstaklega þarf hann sjálfur að kaupa sér viðeigandi tryggingu.

Athygli er vakin á að kertaljós eru bönnuð á herbergjum vegna slyshættu (t.d. vegna notkunar íbúa og annarra á súrefni) og rafmagnshitateppi eru óæskileg vegna hættu á brunasárum.

Þær aðstæður geta skapast að íbúi þurfi að flytja innanhúss milli herbergja eða heimila og er það ávallt gert í samráði við hann og fjölskyldu hans.

### SJÓNVARP, INTERNET & SÍMI


Í setustofum allra heimila er sameiginlegt sjónvarp, útvarp og tölva auk aðgengi að spjaldtölvu ásamt þráðlausri nettengingu.

Loftnetstenglar eru á herbergjum fyrir sjónvarp en einnig er mögulegt að vera með myndlykil frá Símanum eða Vodafone í gegnum þráðlaust internet.

Íbúi sér sjálfur um að útvega, setja upp og greiða fyrir afnot af myndlyklum og gjaldskyldum sjónvarpsstöðvum.

Einfaldast er að vera með GSM síma en kjósi íbúi að vera með borðsíma þarf hann sjálfur að standa straum af kostnaði við að tengja hann.

Íbúar og gestir geta tengst þráðlausu interneti (wi-fi):



**Nettenging fyrir íbúa (t.d. tölvur/myndlyklar)**

**Net:** hlid-inet

**Lykilorð:** stormurinternet



**Nettenging fyrir gesti**

**Net:** hlid-gestir

**Lykilorð:** stormur1



Heimilishald	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fataskápur</li> <li>• Gardínur eða rúllugardínur</li> <li>• Handklæði og þvottapokar</li> <li>• Ísskápur í einkaherbergi</li> <li>• Náttborð (hjúkrunarrými)</li> <li>• Sjúkrarúm (hjúkrunarrými)</li> <li>• Rúmdýna/legusáravarnard. skv. mati hjúkrunarfræðings</li> <li>• Rúmteppi</li> <li>• Ræsting skv. ræstingarátlan heimilisins *</li> <li>• Sími og afnotagjöld af síma til einkaafnota</li> <li>• Sjónvarp og afnotagjöld í einkaherbergi</li> <li>• Sófar, stólar og sófaborð í einkaherbergi</li> <li>• Stólar og borð í einkaherbergi</li> <li>• Sæng og koddí</li> <li>• Sængurlín</li> <li>• Tryggingar á dýrum munum s.s. málverkum og listmunum</li> <li>• Tryggingar á einkamunum vegna bruna- og vatnstjóns</li> <li>• Útvarp í einkaherbergi</li> <li>• Viðhald húsnæðis (almennt)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> <li>•</li> </ul>

\* Í ræstingarátlan heimilisins eru þrif á einkarýmum íbúa á eftirfarandi hátt:

- Baðherbergi íbúa er þrifið þrisvar í viku, þurrkað af öllum flötum, vaskur og klósett þriffin og gólf blautskúrað.
- Annað einkarými er þrifið tvisvar í viku, þá er þurrkað af, blautskúrað annað skiptið og þurrmoppað hitt skiptið.
- Þrif inni í skápum og lokuðum hirslum t.d. fataskápum og ísskáp eru ekki innifalin í dvalargjaldi, það sér íbúi sjálfur um eða aðstandendur.



## FATNAÐUR & ÞVOTTUR

„Hjúkrunarheimili skal sjá um þvott á eigin líni og þvott á einkafatnaði íbúa sem þvo má í þvottavél, íbúunum að kostnaðarlausu, þó ekki einkafatnaði sem krefst meðhöndlunar í efnalaug eða handþvottar.“\*

\*Kröfulýsing fyrir hjúkrunnarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

Íbúar HH og fjölskyldur þeirra sjá um kaup, eftirlit, merkingar og viðgerðir á fatnaði.

Í Hlíð er miðlægt þvottahús sem þvær megnið af tilfallandi þvotti í Hlíð. Inn á hverju heimili er þvottavél og þurrkari/þurrkgrind til afnota fyrir íbúa. Hver íbúi fær ákveðið fatanúmer og er það á ábyrgð íbúa/aðstandenda að merkja allan fatnað og lín.

Í Lögmannshlíð eru þvottahús á hverju heimili og taka íbúar þátt í heimilisstörfum eftir aðstæðum og getu hverju sinni.

Ef fatnaður týnist þarf strax að hafa samband við starfsfólk. Heimilin greiða ekki fyrir fatnað sem skemmist eða týnist í þvotti.

Fatnaður og þvottur	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
• Einkafatnaður		•
• Merkiðar á fatnað		•
• Netbuxur	•	
• Persónulegur nærfatnaður		•
• Skór/inniskór		•
• Sérsmíðaðir skór skv. reglum Sjúkratrygginga		•
• Teygjusokkar skv. ávísun lækis/sjúkrabjálfa	•	
• Hreinsun á einkafatnaði		•
• Hreinsun á gardinum og teppum		•
• Þvottur á einkafatnaði sem þolir almennan þvott í þvottavél	•	
• Þvottur á líni; sængurlíni og sængum og koddum í þvottavél*	•	
• Sængur og koddar sem þurfa að fara í hreinsun		•
• Þvottur á viðkvæmum einkafatnaði sem þarf að handþvo		•

\*Rúmföt sem þvegin eru á heimilinu eru ekki straujuð.



## MÁLTÍÐIR

„Hjúkrunarheimili skulu leggja áherslu á að umhverfi máltíða sé heimilislegt og hlýlegt. Fullt fæði telst vera morgunverður, hádegisverður, eftirmiðdagskaffi, kvöldverður og kvöldhressing. Að minnsta kosti ein máltíð, annað hvort hádegisverður eða kvöldverður, skal vera heit máltíð. Tími milli matmála, frá morgni til kvölds, skal að jafnaði ekki vera lengri en 3–4 klst. og tíminn frá kvöldhressingu til morgunverðar skal ekki vera lengri en 11 klst.

Samsetning fæðunnar skal taka mið af Handbók um mataræði aldraðra þar sem er að finna ráðleggingar Lýðheilsustöðvar (nú Embættis landlæknis) um mataræði og næringarefni. Rekstraraðili skal sérstaklega huga að næringarinnihaldi fæðisins, fjölbreytni máltíða og sérstökum þörfum og óskum íbúa.

Við skipulag máltíða er mikilvægt að hafðar séu í heiðri íslenskar venjur og siðir. Virða skal þá venju að hafa aðalmáltíð dagsins að kvöldi á aðfangadag og gamlársdag. Tekið skal tillit til almennra hátíðisdaga og merkisdaga í lífi íbúa.

Rekstraraðili skal taka tillit til sérstakra matarvenja sem íbúar hafa tileinkað sér og bjóða þeim fæði í samræmi við það. Þannig skulu þeir eiga rétt á grænmetisfæði eða kjöt- eða fisklausu fæði ef þeir óska þess og einnig fæði sem tekur mið af trúarbrögðum þeirra, t.d. fæði án svínakjöts. Einnig skal virða aðrar trúarlegar matarvenjur sem íbúar kunna að hafa, svo sem föstur.”\*

\*Kröfufýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

Boðið er upp á morgunmat, heitan mat í hádeginu, síðdegiskaffi, léttu máltíð á kvöldin og kvöldkaffi.

Á öllum heimilum innan HH kemur hádegisverðurinn tilbúinn frá eldhúsi Hlíðar. Aðrar máltíðir eru útbúnar á hverju heimili fyrir sig og eru íbúar hvattir til þátttöku í þeim heimilisstörfum eins og þeir treysta sér til.



Íbúum er velkomið að versla á eigin vegum matvörur til eigin nota.

Vilji íbúi bjóða ættingja eða vin í mat er hægt að kaupa máltíð í matsal Hlíðar. Í Lögmannahlíð setur íbúinn sig í samband við starfsfólk heimilisins óski hann eftir að bjóða ættingja/vin í mat.

Sameiginlega aðstöðu til dæmis í eldhúsum heimilanna er hægt að nota vilji íbúi og/eða gestir hans útbúa kaffibrauð fyrir íbúa.

Máltíðir	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
• Áfengir drykkir		•
• Einkaveislur þar sem íbúi býður gestum		•
• Kaffi og meðlæti fyrir maka og gesti íbúa		•
• Næringardrykkir skv. mati hjúkrunarfræðings heimilisins	•	
• Máltíðir fyrir maka og gesti íbúa		•
• Máltíðir skv. matseðli heimilisins	•	
• Sjúkrasérfæði skv. matseðli heimilisins	•	
• Sérstakar matarvenjur skv.ákv. í kröfufýsingu	•	
• Sérlegaðir kaffidrykkir		•
• Óskafæði, aðkeypt		•

# PERSÓNULEGT HREINLÆTI

Íbúar leggja sjálfir til áhöld til snyrtingar, líkt og tannbursta, tannkrem, sjampó, naglaklippur, raksápu, rakvél, svitalyktareyði, húðkrem og rúllur og aðrar hárvörur.

	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dag- og rakakrem</li> <li>• Fótsnyrtiþjónusta</li> <li>• Hársnyrtiþjónusta</li> <li>• Hársnyrtivörur</li> <li>• Nuddþjónusta</li> <li>• Skeggsnyrtivörur</li> <li>• Snyrtifræðingur - þjónusta</li> <li>• Snyrtivörur makeup</li> <li>• Tannbursti og tannkrem</li> </ul>		

„Hjúkrunarheimili skal sjá til þess að íbúum standi til boða hársnyrti- og fóta-aðgerðapjónusta innan veggja heimilisins. Íbúar greiða sjálfir fyrir þessa þjónustu.“\*

\*Kröfufylsing fyrir hjúkrunnarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

Eftirfarandi þjónusta er í boði á HH og greiða íbúar fyrir hana sjálfir.

## Fótaaðgerðafræðingur: Berglind Jónsdóttir

Fótaaðgerðastofa er starfrækt í Hlíð sem veitir einnig þjónustu í Lögmannshlíð.

Pantanir eru í síma 460-9224 eða 854-1101.

## Hársnyrtisofa: Hárstudíó Hafdísar

Býður upp á alla almenna hársnyrtingu fyrir dömur og herra og veitir einnig þjónustu í Lögmannshlíð.

Pantanir eru í síma 460-9223 og 849-8854.

Þjónusta verktaka á HH er eingöngu í boði gegn því að greiða á staðnum.

## Verslun í Hlíð

Í afgreiðslunni á Hlíð er verslunin „Litla kaupfélagið“ þar sem til sölu eru t.d. rafhlöður í heyrnartæki, snyrtivörur og sælgæti.





# FERÐALÖG & AKSTUR

Ferðalög í einkaerindum, innanlands sem og erlendis, er alfarið á kostnað og ábyrgð íbúa. Leitið nánari upplýsinga hjá deildastjóra þess heimilis sem íbúinn dvelur á ef áætlað er að ferðast erlendis.

Vinsamlega látið starfsfólk heimilisins vita ef íbúi bregður sér af bæ.

Samkvæmt lögum og öðrum settum reglum ber hjúkrunar- og dvalarheimilum að tryggja að þeir heimilismenn sem þar dvelja eigi kost á heilbrigðisþjónustu (sem og annarri þjónustu af ýmsu tagi) sem heimilið kostar að fullu, hvort sem þjónustan er veitt inni á stofnun eða utan hennar.

Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því í greiðslum til hjúkrunar- og dvalarheimila fyrir þessa þjónustu að þau taki ábyrgð á greiðslu kostnaðar sem fallið getur til vegna ferðalaga heimilismanna erlendis. Bendum við því íbúum á að vera með viðeigandi ferða- og sjúkratryggingar ef farið er erlendis.

Ferðalög og akstur	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
<ul style="list-style-type: none"> <li>Akstur í einkaerindum</li> <li>Akstur í sérmeðferðir utan heimilis*</li> <li>Akstur til sérfræðilæknis skv. ávísun læknis heimilisins</li> <li>Akstur til tannlæknis</li> <li>Ferðir erlendis, flug/sigling/akstur o.fl.</li> <li>Rafskutlur</li> <li>Rekstur eigin bifreiðar</li> <li>Sjúkraflutningar skv. ákvörðun hjúkrunarfræðings**</li> <li>Sjúkraflug vegna ferða í einkaerindum innanland og erlendis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> <li>●</li> </ul>

\*Sérmeðferðir, getur átt við um klippingu, fót snyrtingu ofl. sem er á eigin vegum íbúa.

\*\*Sjúkraflutningar sem ekki eru ákvarðaðir af hjúkrunarfræðingi heimilisins eru ekki innifaldir í dvalargjaldi.



<sup>1</sup> Sjá t.d. lög nr. 125/1999, reglugerð nr. 427/2013 o.fl.

# FJÁRMÁL

„Íbúi annast sjálfur fjárvörslu og umsýslu fjármuna sinna nema að hann ákveði, vegna veikinda eða fötlunar, að láta skipa sér ráðsmann til að annast fjárreiður sínar. Rekstraraðila eða starfsmönnum hans er óheimilt að hafa með höndum fjárvörslu fyrir íbúa.

## Ráðsmaður.

Í þeim tilvikum sem íbúi eða aðstandandi hans getur ekki séð um fjármál íbúans skal rekstraraðili stuðla að því að hann sæki um að sér verði skipaður ráðsmaður skv. IV. kafla lögræðis laga, nr. 71/1997.”\*

\*Kröfufylsing fyrir hjúkrunnarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

### Innifalið í dvalargjaldi

- Fjármálaumsýsla
- Bankþjónusta

### Ekki innifalið í dvalargjaldi



Samkvæmt lögum um málefni aldraðra og reglugerð Velferðarráðuneytisins falla niður bætur frá Tryggingastofnun frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir flutning á hjúkrunarheimilið.

Íbúar geta þurft að taka þátt í dvalarkostnaði sínum vegna varanlegrar búsetu á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Þátttakan er tekjutengd og er reiknuð út á grundvelli tekjuáætlunar. Ef íbúi tekur þátt í dvalarkostnaði byrjar hann að greiða frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að búseta hefst.

HH sjá um að innheimta hjá heimilisfólki greiðsluþátttöku samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar, sem veitir allar upplýsingar um greiðsluþátttöku og forsendur útreiknings. Reikningar eru sendir út mánaðarlega og athygli vakin á að greitt er eftir á með gjalddaga í lok næsta mánaðar og eindaga í byrjun mánaðarins þar á eftir.

Til að einfalda ferlið mælum við með því að nýta sér beingreiðslu eða greiðsluþjónustu banka en þeir sem vilja nýta sér þau úrræði þurfa að láta sinn viðskiptabanka skrá greiðslurnar þar sem það gerist ekki sjálfkrafa og HH geta ekki haft milligöngu þar um.

Ráðstöfunarfé er greitt til þeirra sem hafa litlar eða engar tekjur. Ár hvert að lokinni álagningu skattayfirvalda, er það endurreiknað á sama hátt og lífeyrir. Ekki þarf að sækja sérstaklega um ráðstöfunarfé.

Nánari upplýsingar má fá hjá Tryggingastofnun, [www.tr.is](http://www.tr.is) eða í síma 560-4400.

Athugið að íbúar HH þurfa eins og aðrir að skila skattframtali.

HH ber enga ábyrgð á verðmætum eða peningum sem geymdir eru inni á herbergjum íbúa.

# BROTTFLUTNINGUR EÐA ANDLÁT

„Við brottflutning íbúa af heimilinu eða við andlát hans þurfa starfsmenn rekstraraðila að veita bæði íbúanum sjálfum og aðstandendum hans viðeigandi stuðning. Í þessu sambandi skal m.a. fara að lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl., og reglugerð nr. 248/2001, um ritun dánarvottorða o.fl. Einnig skal fara að fyrirmælum Embættis landlæknis á hverjum tíma, t.d. leiðbeiningum embættisins um andlát og umönnun látinna og aðstandenda þeirra.”\*

\*Kröfufýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III, bls. 13. Velferðarráðuneytið sept. 2016

	Innifalið í dvalargjaldi	Ekki innifalið í dvalargjaldi
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kistulagning</li> <li>• Flutningur hins látna</li> <li>• Sálgæsla</li> <li>• Frágangur á eigum hins látna</li> </ul>	⋮	● ● ● ●



# HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Boðið er upp á aðstöðu fyrir veislur og aðrar samkomur í Hlíð og Lögmannshlíð. Íbúi og fjölskylda hans sjá alfarið um öll veisluföng, dúka, servíettur, kerti, blómavasa og þess háttar. Frágangur á sal að lokinni veislu er á þeirra ábyrgð.

Panta þarf salina (Samkomusalur í Hlíð, Kaffi Sól eða Samkomugerði) á dagvinnutíma í síma 460 9222 eða í netfangið [astaa@hlid.is](mailto:astaa@hlid.is)

## SAMKOMUSALURINN Í HLÍÐ

Samkomusalurinn í Hlíð rúmar 80 manns í sæti (fjöldi stóla) en hægt er að koma fyrir 120 manns í sæti við borð. Þar er kaffistell og súpuþiskar fyrir 120 manns, flygill, skjávarpi, tölva og hljóðkerfi.

## KAFFI SÓL

Kaffi sól er í Hlíð. Salurinn rúmar um 50 manns í sæti. Til staðar er skjár/sjónvarp og hljóðkerfi. Kaffistell er á staðnum.

## SAMKOMUGERÐI

Samkomugerði er í Lögmannshlíð. Salurinn rúmar 70 manns í sæti. Kaffistell er á staðnum.

Reykingar eru óheimilar hjá HH sbr. 3. og 9. grein reglugerðar nr. 326/2007 um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Bannið nær til allra húsakynna heimilanna og á við um íbúa, gesti og starfsfólk. Rafrettur (vape) eru einnig óheimilar innan HH.

## TRÚNAÐUR OG TILLITSSEMI

Óskað er eftir því að íbúar og gestir sýni tillitssemi og geymi með sjálfum sér það sem þeir sjá og heyra hjá HH.

## MINNINGARKORT

Hægt er að kaupa Minningarkort til að heiðra og minnast látinna ástvina og um leið styrkja starfsemi hjúkrunarheimilisins. Allur ágóði af sölu kortanna er nýttur til kaupa á ýmsum búnaði fyrir heimilið.

Einfalt er að kaupa minningarkort á heimasíðunni okkar [www.hlid.is](http://www.hlid.is)

Minningarkortin eru einnig fáanleg í afgreiðslunni á Hlíð, mánudaga - fimmtudaga frá kl. 8:00-15:00 og föstudaga frá kl. 8:00 - 13:00.

Við tökum einnig við pöntunum á Minningarkorti í síma 460-9100. Aðrir sölustaðir Minningarkorta eru Blómabúðin Akur og Penninn Eymundsson.

## HEIMASÍÐAN OKKAR

Heimasíða HH er [www.hlid.is](http://www.hlid.is)

Ýmsar upplýsingar eru birtar á heimasíðunni m.a. vikulegir matseðlar, tilkynningar, viðburðir og fréttir af heimilinu.

## SAMFÉLAGSMÍÐLAR

Á fésbókar-síðum okkar eru birtar reglulega ýmsar fréttir, tilkynningar og myndir af starfinu og viðburðum í tengslum við heimili HH. Endilega fylgstu með okkur á fésbókinni.

Fésbókarsíða HH er <https://www.facebook.com/heilsuverndhjukrunarheimili>

Eftirfarandi heimili HH eru með eigin fésbókar-síður:

- Aspar-Beykihlíð
- Eini-Grenihlíð
- Árgerði Lögmannshlíð
- Bandagerði Lögmannshlíð
- Melgerði Lögmannshlíð
- Sandgerði Lögmannshlíð
- Kollugerði Lögmannshlíð







HEILSUVERND  
Hjúkrunarheimili

Austurbyggð 17, 600 Akureyri

[hlid@hlid.is](mailto:hlid@hlid.is)

[hlid.is](http://hlid.is)